

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1975

3. janúar 1975.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins, Reykjavík, Andakílsárvirkjun, Akranesi og Laxárvirkjun, Akureyri, heimild til 25% hækkunar heildsöluverðs raforku í gildandi gjaldskrá þeirra, frá og með 1. janúar 1975.

lðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. janúar 1975.

Nr. 2.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971, um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldtæxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.30% (0.30 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta — og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	minnst 9.60, en mest 14.40 kr/m ³
Vörugeymslur	— 7.20, — — 16.80 —
Aðrar byggingar	— 9.60, — — 16.80 —

Vatnsskattur samkvæmt framskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 1 500 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 7.40 á hvern rúmmeter vatns.

Borgarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar rafmagnsverðs.

Ráðuneytið hefur heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 9.3% hækkun á grunngjaldi raforku í smásölu eins og það var hinn 1. janúar þ. á. skv. þá gildandi gjaldskrá.

Iðnaðarráðuneytið, 13. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98 26. mars 1973, um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

3. gr. reglugerðarinnar nr. 202/1970 orðist svo:

Lán skv. a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar í tvennu lagi í hlutfalli við byggingarstig húsnæðisins.

Veiting fyrrihluta lána miðast við fokheld hús. Eindagi fyrir skil á fokheldisvottorðum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Síðarihluti lána skal að jafnaði koma til greiðslu innan 6 mánaða frá greiðsludegi fyrrihluta láns, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati, skv. virðingargerð matsmanna veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna.

Þegar virðing fer fram, skal lántakandi leggja fram það eintak teikninga af íbúðinni sem hann hefur fengið sent frá Húsnæðismálastofnuninni og skulu virðingarmenn gæta þess, að húsið sé byggt skv. þeirri teikningu.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Peir sem óska að fá lán skv. þessum kafla reglugerðarinnar, skulu sækja um ákveðna lánsfjárhæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn